



## Enska 7. bekkur tímabil 2024-2025

„Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaprofka einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum“ (Aðalnámsskrá grunnskóla 2013, bls 122).

### **Kennsluaðferðir**

Margvíslegar kennsluaðferðir svo sem bein innlögn kennara, nemendur leita lausna og vinna með ýmsum aðferðum bæði í einstaklings og samvinnu. Kennsla er brotin upp með notkun spila, leikja og tölva til að auka fjölbreytni og um leið höfða til fleiri nemenda. Í enskutímum verður lögð áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

### **Námsefni og gögn**

Action lestrar- og vinnubók, Málfræðihefti C og önnur gögn, svosem vefir á netinu, leikir, tölvur og iPadar. Samstarfsverkefni við JDO bandarísk góðgerðarsamtök sem vilja efla alþjóðleg samskipti nemenda og kennara. Markmið með JDO samstarfsverkefninu er að nemendur kynnist ensku á skemmtilegan og fjölbreyttan hátt auk þess að þau kynnist ólíkri menningu. Í samstarfinu er lögð áhersla á að nýta upplýsingatækni og miðlun.

### **Námsmat**

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám og byggist námsmatið á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum úr Aðalnámsskrá fyrir tungumál. Hæfniviðmiðin eru hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

**Kennarar** – Guðný Eygló Ólafsdóttir